Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

Kennsluáætlun

Námsgrein: Byrjendalæsi, samfélags- og náttúrufræði

Bekkur/hópur: 2. bekkur

Kennari: Lára Helga Jónsdóttir

Tímabil: 2020 - 2021

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið aðalnámskrár lögð til grundvallar.

Hæfniviðmið í íslensku - Nemandi geti:

- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið
- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.

Hæfniviðmið í náttúrufræði. Nemandi geti:

- Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks.
- Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannslíkamans.
- Rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu.
- Bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi.
- Fjallað um samspil manns og náttúru.
- Flokkað úrgang.
- Lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf.

Hæfniviðmið í samfélagsfræði, Nemandi geti:

- Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
- Áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi.

- Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.
- Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.
- Áttað sig á gildi samhjálpar í samfélaginu.

Helstu námsbækur og gögn:

- Bækur með gæðatexta ásamt ýmis konar lestrarbókum með og án vinnubóka, útgefnum af Námsgagnastofnun og frá kennurum
- Skrift 1 og 2
- Leikur að orðum
- Ritrún 1
- PALS þjálfunarefni á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum

Samfélags- og náttúrufræðibækur

- Halló heimur samfélags- og náttúrufræðibók og vinnubók
- Komdu og skoðaðu líkamann
- Komdu og skoðaðu bílinn
- Komdu og skoðaðu hafið

Námsmat:

Hvað verður metið, hvernig og hvenær?

- Lestrarpróf eru tekin 3x á skólaárinu og skráð á Skólagátt
- Lestrarpróf tekin í nóvember og í mars
- Vinna nemenda í tímum metin - leiðsagnarmat
- Mat á hópvinnu og paravinnu í völdum verkefnum

Ágúst	Viðfangsefni, verkefni/verkefnavinna /blaðsíður/próf/viðmið
24.-31. ágúst	• Unnið með upprifjun í lestri og stafakannanir teknar hjá þeim sem það þurfa • Skrift 1 • Ritrún 1 • Atburðabók og frjáls ritun út frá upplifun sumarsins
September	**Lestrarpróf**
	• Kennarar þjálfa lestur á hverjum degi • PALS og K-PALS

	• Ormurinn í Lagarfljóti, vinnubók unnin með. Nemendur læra um þjóðsögur og hvað sé þjóðsaga. Unnið með samheiti, andheiti og nemendur þjálfast í byggja upp málsgreinar.
	• Ritrún 1, Skrift 1
	• Ég vil líka fara í skóla. Höf. kynntur og fleiri bækur eftir hann. Unnið með sk- samhljóðasamband og orðaforða. Vandvirkni í vinnubrögðum þjálfuð.
Október	
	• Unnið með Komdu og skoðaðu líkamann í 4 - 5 vikur; tjáning, hlustun,lestur og ritun • Halló heimur, náttúru- og samfélagsfræðibók samþætting í Læsi. Kafli 3 - Mannslíkaminn Vinnubók bls. 14 - 19
9. október - starfsdagur 12. okt - viðtalsdagur	• Unnið að Menningarmóti á ýmsa vegu: tjáning, hlustun,lestur og ritun
	• Þjálfun í lestri og skrift á hverjum degi. • PALS 3x í viku
	• Ritrún 1, Skrift 1 og Leikur að orðum
	• Sögugerð
Nóvember	**Lestrarpróf**
	Uppbrotsvika vegna árshátíðar ef af verður og er þá unnið með tjáningu og texta. Lestur alla daga og unnið með textagerð, skilning og orðaforða
	• Halló heimur: kafli 1 árstíðirnar samþætting í Læsi. Unnið með orðaforða og lesskilning með tengingu í umhverfið. Vinnubók bls. 2 - 9 • Einfaldar tilraunir gerðar á snjó og ís
	• Sjóræningjar skipta ekki um bleyju. Lykilorðið er sjóræningjar – umræða og vinna með orðið. Markmið skipulögð út frá LÆK-kerfinu. Lærum-æfum-kynnumst. **Lærum:** eintölu og fleirtölu, **Æfum:** að svara spurningum upp úr texta **Kynnumst**: Sérnöfnum og samnöfnum

Desember	
	• Unnið með rammann Jólagestir hjá Pétri. Nemendur búa til bók sem þeir safna verkefnum sínum í. Kennari metur vinnu nemenda við bókina og notar leiðsagnarmat.
	• Ritrún 1 og skrift og Leikur að orðum • Lestur alla daga. Leitast verður við að finna jólabækur og texta við hæfi hvers og eins nemanda
Jólafrí 19. des – 6. jan hjá nemendum	
Janúar	**Lestrarpróf**
Starfsdagar 2. og 6. janúar	
6. janúar – viðtalsdagur.	
	• Unnið með rammann Álfar. Nem læri ljóð um álfa og vinna með tvöfalda samhljóða Unnið með álfasögur í ritun • Halló heimur. Kafli 7 - Trú
	• Æfum framsögn og lestur úr ræðupúlti. Nemendur lesa álfasögurnar sínar fyrir hvort annað. • Æfum hlustun
	• Lestur þjálfaður alla dag í skólanum og heima.
	• Unnið með Gula sendibréfið í 2 vikur. Nemendur æfa sig í uppsetningu sendibréfa • Halló heimur. Kafli 2 Ljós og skuggar
Febrúar	
	• Unnið með rammann Komdu og skoðaðu bílinn í 4 vikur. Auka við orðaforða sinn og kynnast öryggisbúnaði ýmiskonar í bílum og á hjólum Lokið fyrir 15. mars.
	• Halló heimur. 5. kafli. Umferðin. Nemendur skoða form í umferðarmerkjum og læra umferðareglur.
	• Lestur og vinnubækur. Skrift og Ritrún1
Mars	**Lestrarpróf**

	• Ritrún 1, skrift og Leikur að orðum
15. mars - viðtalsdagur	
	• Halló heimur Kafli 8. Sjálfsmyndin. Að setja sig í spor annarra. Vináttan. Hreinlæti • Nemendur lesa ævintýri. • Unnið með rammann Eldfærin. Nem kynnist og átti sig á hvað einkennir ævintýri.
Páskafrí 27. mars - 5. apríl	
Apríl	
	• Unnið með rammann Komdu og skoðaðu hafið 4 - 5 vikur. Halló heimur. Kafli 6 Umhverfið.
	• Nemendur lesa bækur sem tengjast hafinu á einhvern hátt og vinna með vísur og ljóð.
	• Ritrún 1, Skrift 2 og Leikur að orðum
	•
Maí	**Lestrarpróf**
	• Halló heimur kafli 4 Húsdýr og gæludýr.
	• Verkefni sem tengjast vorinu úr fórum kennara.
	• Unnið með áætlun úr bókinni Lubbi lundi
Starfsnám/val/vordagar 25. - 26.. maí.	•